



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, með síðari breytingum (eftirlit með heilbrigðisþjónustu), 679. mál, nefndarfrumvarp.

Eins og kunnugt er ákvað Læknafélags Íslands (LÍ) f.h. hóps lýtalækna að vísa álitamálum varðandi heimildir embættis landlæknis til að afla persónugreinanlegra upplýsinga um tiltekinn sjúklingahóp til úrskurðar Persónuverndar. Málið tengdist svokölluðu PIP-brjóstapúðamáli. Af hálfu LÍ snerist málið fyrst og fremst og eingöngu um það að veita félagsmönnum sínar réttar lögfræðilegar leiðbeiningar þannig að eftirá kæmi ekki upp sú staða að lýtalæknar hefðu veitt landlækni umfangsmeiri persónugreinanlegar upplýsingar en þeim er heimilt að lögum.

Skemmst er frá því að segja að í leiðbeinandi áliti Persónuverndar frá 30. mars sl. í máli nr. 2012/96 taldi stofnunin að miðlun umbeðinna upplýsinga til landlæknis væri lýtalæknum óheimil.

Fyrir liggur og öllum á að vera ljóst að á læknum hvílir rík trúnaðar- og þagnarskylda, sbr. 15. gr. læknalaga nr. 53/1988. Brjóti þeir þá trúnaðar- og þagnarskyldu gagnvart sjúklingum sínum þá er ábyrgðin læknanna, ekki embætti landlæknis, sem eftir upplýsingunum kallar. Það skipti því miklu að fá úr því skorið frá því stjórnvaldi sem persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga heyrir undir hvort umbeðin upplýsingagjöf gagnvart landlækni væri lýtalæknum heimil.

Velferðarnefnd Alþingis hafði áður en niðurstaða Persónuverndar lá fyrir brugðist við með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, með síðari breytingum (eftirlit með heilbrigðisþjónustu), 679. mál, þingskjal 1093. Fundargerðir velferðarnefndar sýna að nefndin fjallaði um PIP-brjóstapúðamál á fundum sínum 30. janúar, 1. febrúar og 13. febrúar. Fulltrúar LÍ komu m.a. á fund nefndarinnar hinn 30. janúar til að ræða afstöðu sína til málsins og afhentu nefndinni minnisblað frá félaginu þar sem lagaleg staða málsins var rakin. Velferðarnefnd fékk síðan velferðarráðherra á sinn fund 15. febrúar til að ræða þessi mál. Þá heimsótti velferðarnefnd embætti landlæknis hinn 29. febrúar sl.

Á 43. fundi sínum hinn 27. mars [<http://www.althingi.is/vefur/nefndafundargerð.html?faerslunr=5766>, sótt á vefinn 30. maí 2012] ákvað velferðarnefnd að leggja sjálf fram breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Af bókun í fundargerð verður ráðið að frumvarpið má rekja til velferðarráðuneytis þó þó velferðarnefnd hafi ákveðið að flytja það.

Formaður velferðarnefndar Alþingis mælti fyrir frumvarpinu þann 30. mars sl. Í framsöguræðu sagði formaðurinn m.a. (endurritið er ósamþykkt skv. upplýsingum á heimasíðu Alþingis):

„Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, sem átta af níu nefndarmönnum í velferðarnefnd flytja. Tilgangur frumvarpsins er að taka af allan vafa, sem við reyndar teljum engan vera, um að landlæknir skuli fá öll þau gögn og upplýsingar sem hann telur sig þurfa vegna mikilvægs eftirlitshlutverks sem honum er falið með lögum. Því er ekki að leyna að

frumvarpið á rætur að rekja til afstöðu Læknafélags Íslands sem skaut skildi fyrir lýtalækna í upphafi árs sem neituðu að afhenda landlækni upplýsingar um brjóstaaðgerðir í kjölfar PIP-hneykslisins. Þeirri deilu var vísað til Persónuverndar og fyrir velferðarnefnd var fullyrt að niðurstaða mundi liggja fyrir 7. febrúar sl. Nú erum við komin langleiðina með mars og það er greinilegt að það hefur ekki gengið eftir. Landlæknir hefur ekki fengið þessi gögn og það er í raun óþolandi staða sem varðar ekki bara þetta einstaka mál sem ég vakti hér máls á, þetta er algert prinsippmál og spurning um hvers virði eða til hvers lög um landlækni og lýðheilsu eru ef verkfærin eru tekin af embættinu sem eru til þess ætluð að hann uppfylli skyldur sínar.

...

Frú forseti. Þetta mál hefur margoft verið rætt á fundum velferðarnefndar með fulltrúum frá Læknafélagi Íslands, frá Lýtalæknafélaginu, frá landlækni og frá velferðarráðuneyti ... En hér, frá forseti, er kveðið nánar á um það hvernig með þær upplýsingar skal farið. Þeim skal eytt eftir að eftirlitshlutverkinu er lokið.

[<http://www.althingi.is/altext/raeda/140/rad20120330T171302.html>, sótt á vefinn 30. maí 2012 – leturbreytingar LÍ.]

LÍ telur þarna að sér vegið fyrir það eitt leita til Persónuverndar. LÍ vildi geta ráðið félagsmönnum sínum heilt og tryggt með þeim hætti að þeir gerðu eingöngu það sem þeim er að lögum heimilt að gera. Það er lýðræðislegur réttur hvers og eins að leita til stjórnvalda með álitamál.

Það er síðan beinlínis rangt sem segir í lokaorðum framsöguræðunnar að velferðarnefnd hafi rætt þetta mál við LÍ. **Þetta frumvarp hefur aldrei verið rætt við fulltrúa LÍ og umsagnar félagsins um frumvarpið hefur ekki verið óskað.** Fulltrúar frá LÍ mættu, eins og áður er greint frá, á fund velferðarnefndar þann 30. janúar 2012 til að ræða um stöðu PIP. Þessi fundur var haldinn tveimur mánuðum áður en umrætt frumvarp til breytinga á lögum um landlækni og lýðheilsu kom fram og það gefur því auga leið að það frumvarp bar ekki á góma.

Það vekur athygli að meirihluti velferðarnefndar lætur að því liggja að Persónuvernd hafi komið að umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið því í nefndarálit meiri hluta velferðarnefndar á þskj. 1352 segir :

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Vilborgu Ingólfsdóttur, Sindra Kristjánsson og Áslaugu Einarsdóttur frá velferðarráðuneyti, Geir Gunnlaugsson landlækni, Önnu Björgu Aradóttur og Krístrínu Kristinsdóttur frá embætti landlæknis og Björgu Thorarensen og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd.“

Í yfirliti á vefsíðu Alþingis um feril umrædds lagafrumvarps kemur fram að um það hefur verið fjallað á þremur fundum í velferðarnefnd eftir að mælt var fyrir því 30. mars sl., á 47. fundi 16. apríl, 52. fundi 7. maí og 55. fundi 16. maí, þegar málið var afgreitt úr nefndinni af meirihluta hennar.

Þessar fundargerðir, sem allar eru á vef Alþingis¹, sýna að fulltrúar frá embætti landlæknis og Persónuvernd komu aldrei á fund velferðarnefndar til að ræða þetta tiltekna lagafrumvarp. Fulltrúar velferðarráðuneytis komu á fund nefndarinnar 7. maí.

Að fenginni niðurstöðu Persónuverndar frá 30. mars sl. taldi LÍ að frumvarp velferðarnefndar væri andvana fætt. Það hefði mátt ætla að velferðarnefnd myndi hætta þessari vegferð og embætti landlæknis leitaði þeirra leiða sem færar eru varðandi upplýsingaöflun, t.d. að afla þeirra með samþykki sjúklinga. Annað hefur nú komið á daginn.

¹ Fundargerðir þessara funda má sjá á heimasíðu Alþingis: <http://www.althingi.is/vefur/nefndafundargerð.html?faerslunr=5797> (47. fundir), <http://www.althingi.is/vefur/nefndafundargerð.html?faerslunr=5867>, 52. fundur, <http://www.althingi.is/vefur/nefndafundargerð.html?faerslunr=5824>, 55. fundur.


Það sætir furðu að velferðarnefnd hefur ekki aflað umsagnar eins eða neins um þessa lagabreytingu. Það kemur LÍ sérstaklega á óvart að velferðarnefnd skuli ekki telja ástæðu til að afla umsagnar a.m.k. Persónuverndar, landlæknis og LÍ um þær breytingar sem velferðarnefnd er hér að leggja til.

LÍ telur að þær heimildir sem embætti landlæknis eru veittar með frumvarpinu séu of víðtækar og geti stefnt í voða persónuöryggi sjúklinga. Það eru gildar ástæður fyrir því að friðhelgi einkalífs er varið af 71. gr. stjórnarskrárinnar og það eru ástæður fyrir því að sett hafa verið lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Ástæðurnar eru þær að það þarf að vernda borgarana fyrir yfirgangi stjórnvalda þegar kemur að aðgangi að persónugreinanlegum upplýsingum.

Þó LÍ telji af hinu góða að skrá um ígræðanleg lækningatæki verði meðal þeirra persónugreinanlegu skráa sem haldnar séu skv. 8. gr. laga nr. 41/2007 þá telur félagið að það verði með skýrari hætti að afmarka til hvaða ígræðanlegu lækningatækja skráin eigi að taka. LÍ telur varhugavert að setja það eingöngu í hendur landlæknis að ákveða hvaða skrár hann ákveður að halda með stoð í þessari heimild, verði hún að lögum. Í því sambandi minnir LÍ á að það eru rök fyrir því að persónugreinanlegar skrár, sem landlæknir getur haldið eru tæmandi taldar í 8. gr. laganna. Persónuverndarsjónarmið búa þar að baki. Það er því varhugavert að ein tegund þessara skráa sé ekki afmarkaðri en breytingartillagan við frumvarpið ber með sér.

LÍ óskar eftir því að fulltrúar þess komi á fund velferðarnefndar til að ræða þetta mál áður en það fer í 2. umræðu. Jafnframt óskar LÍ eftir því að velferðarnefnd fái a.m.k. álit Persónuverndar og landlæknis á þeim lagabreytingum sem hér um ræðir og áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum, bæði á fundi með nefndinni og með skriflegum hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.